

Alþingi  
Erindi nr. P 122/837  
komudagur 22.1.2003



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Reykjavík, 15. janúar 2003

Alþingi  
bt: Allsherjarnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

## Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir og lögreglulögum 464 mál.

Með bréfi frá 16. desember 2002 var óskað álits Slysavarnafélagsins Landsbjargar á frumvarpi til breytinga á lögum um almannavarnir og lögreglulögum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar fyrir sitt leyti þeim hugmyndum um breytingar á stjórnsýslu almannavarna, er lagt er til í frumvarpi þessu. Hins vegar vekur það undrun okkar að breyting hefur verið gerð frá upprunalegum drögum frumvarpsins sbr. 2. gr. Það ákvæði fjallaði um stjórnstöð leitar-og björgunaraðgerða sem til stendur að Ríkislögreglustjóraembættið taki í notkun, í samvinnu við aðra aðila á árinu 2003. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar var þar um ákvæði sem gerði hlutverk væntanlegrar stjórnstöðvar, mun skýrara og gerði Ríkislögreglustjóraembættinu mögulegt að tryggja gæði björgunaraðgerða.

Varðandi þann hluta af 2. grein frumvarpsins, er fjallar um samstarfsnefnd um almannavarnir vill Slysavarnafélagið Landsbjörg fagna því að í greinagerð er lagt til að samtökin hafi fulla aðild að nefndinni. Það er mikil framför frá því fyrirkomulagi sem er í gildi í dag um Almannaðarnarráð um að félagið hafi þar áheyrnarfulltrúa.

Í 4. grein frumvarpsins er fjallað um almannavarnanefndir og hlutverk þeirra. Í ljósi reynslu og þróunar sem hefur orðið hjá viðbragsaðilum síðan að upprunalegu lögum voru samþykkt, er nauðsynlegt að skilgreina betur aðkomu viðbragsaðila í héraði að Almannaðarnanefndum. Í samkomulagi um skipan hjálparliðs almannavarna er undirritað var þann 29. apríl 2002, er skilgreint hlutverk innra stjórnkerfis björgunarsveita, Lands-og svæðisstjórnarkerfis að stjórnun almannavarna á neyðartímum. Nauðsynlegt er að tryggja að björgunarsveitir eigi fullan aðgang að Almannaðarnanefndum og að okkar mati er eðlilegt að svæðisstjórnir björgunarsveita hafi þar fulltrúa. Það er ef ekki er starfrækt aðgerðastjórn almannavarna eins og fjallað er um í samkomulaginu frá 29. apríl 2002.

Einnig er að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar nauðsynlegt að hefja vinnu við gerð lagafrumvarps, sem tekur á skipulagi allra björgunarmála á sjó og landi. Fyrsta skrefið að mati félagsins er rekstur stjórnstöðvar viðbragsaðila í Skógarhlíð, en ljóst er að ábyrgð á framkvæmd og skipulagi björgunarmála fer að öðru leyti eftir einstökum tilfellum. Forræði fellur stundum undir Dómsmálaráðuneyti, en á öðrum tímum getur fallið inn á verksvið Samgöngu-, Umhverfis- eða Heilbrigðisráðuneyta. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar er nauðsynlegt að næsta skref verði að skilgreina störf og ábyrgð; stofnanna, ráðuneyta og frjálsra félagasamtaka með lögum um björgunarmál. Þar er einnig nauðsynlegt að tryggja að stjórnstöð leitar-og björgunaraðgerða hafi lagastöð.

Með kveðju,

Kristbjörn Óli Guðmundsson  
Slysavarnafélagið Landsbjörg